



Reglugerð um keppnisráð AKÍS

- Keppnisráð fyrir hverja keppnisgrein eru skipuð samkvæmt lögum sambandsins, en keppnisgreinar eru:
 - Drift
 - Gokart
 - Hringakstur (tímaat, þolakstur, auto X)
 - Rally (sérleiðarally, nákvæmnisakstur, sparakstur)
 - Rallycross (rallycross, crosscart)
 - Spyrna (kvartmíla, sandspyrna, götuspyrna)
 - Torfæra
- AKÍS er heimilt að bæta við keppnisráðum sé þess talin þörf.
- Ekki er skipað sérstakt keppnisráð vegna rafíþrótta, heldur sér viðkomandi keppnisráð um reglur þar að lútandi.
- Allir keppnishaldarar sem halda keppni í viðkomandi grein eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa í keppnisráð þeirrar greinar.
- Keppnisráði hvernar greinar ber að:
 - yfirfara og setja reglur fyrir keppnisgreinar á vegum þess.
 - ákveða hvort keppnisfyrirkomulag Íslandsmóts verði mótarið eða ein keppni.
 - ákveða hvort keppni í mótarið eigi að hafa aukið vægi vegna aukins umfangs.
 - halda fundi að minnsta kosti á tveggja mánaða fresti.
 - ganga úr skugga um að fundargerðir séu ritaðar gegnum fundargerðagátt á vefsíðu AKÍS.
 - skila skýrslu til stjórnar AKÍS fyrir formannafund hvert ár.
 - kynna breytingar á reglum á formannafundi AKÍS í lok keppnistímabils, telji keppnisráðið þörf á því.
 - skila tillögum til stjórnar AKÍS varðandi val á akstursíþróttamanni og akstursíþróttakonu ársins samkvæmt reglum þar um.
 - starfa með stjórn AKÍS að undirbúningi og framkvæmd verðlaunafhendingar til Íslandsmeistara.
 - stuðla að bættu öryggi allra sem þær akstursíþróttir stunda sem undir ráðið falla með fræðslu og endurskoðun reglna eða verkferla eftir því sem kostur er.
 - hafa umsjón með námskeiðum og gerð fræðsluefnis fyrir dómara í sínum greinum eftir því sem við á.
 - votta hæfi dómara sem þekkir þá til allra reglna og fræðsluefnis og stenst þær kröfur sem settar eru fram í tengslum við hverja keppnisgrein.
 - hafa samráð við AKÍS um úthlutun rásnúmera keppenda.
 - vera stjórn AKÍS innan handar ef taka þarf ákvörðun um breytingar á keppnisdagatali af einhverjum ástæðum.
- Keppnisráð fær aðgang að vinnusvæði á vef AKÍS þar sem uppfæra skal reglur.
- Reglur eru birtar á vef AKÍS þegar þær breytast, að öðru leiti skulu þær komnar inn á vefinn fyrir 1. janúar ár hvert.
- Keppnisráð má aðstoða við túlkun reglna, sé eftir því leitað af dómnefnd keppni. Dómnefnd tekur síðan afstöðu til túlkunar keppnisráðs og er heimilt að samþykka eða hafna henni. Dómnefnd mun ávallt gefa út upplýsingaskýrslu, ákvörðun sinni til staðfestingar.